

Fundargerð

XX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2006

Árið 2006, þann 27. september hófst Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga í íþróttahöllinni á Akureyri, klukkan 13:00.

1. Þingsetning

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Vísað er til setningarræðu formanns á þingskjali 5 og heimasíðu Sambandsins.

2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður gerði tillögu um;

a. Þingforseta þau:

Hermann Jón Tómasson, formann bæjarráðs Akureyrarbæjar, og Ragnheiði Ríkharðsdóttur, bærarstjóra í Mosfellsbæ

b. Ritara þau:

Guðnýju Sverrisdóttur, sveitarstjóra í Grýtubakkahreppi, og Jón Júlíusson, bærarfulltrúa úr Kópavogi.

c. Í kjörbréfanefnd þau:

Margréti K. Erlingsdóttur, bærarfulltrúa í Sveitarfélaginu Árborg; Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur, forseta bærarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Gunnar I. Birgisson, bærarstjóra Kópavogi.

Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

3. Ávarp félagsmálaráðherra, Magnúsar Stefánssonar

Vísað er til prentaðs eintaks af ræðu ráðherra á þingskjali 6.

4. Sterk og ábyrg sveitarfélög

1. *Sveitarfélög á breytingartímum – leitin að lausnum.*

Erindi: Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins. Vísað er til prentaðs eintaks af erindi Önnu á þingskjali 7.

2. *Efling sveitarfélaga – hagsmunir allra.*

Erindi: Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar. Vísað er til prentaðs eintaks af erindi Halldórs á þingskjali 8.

3. *Punnir grautar eða kræsingar – Sveitarfélögin vaxandi stjórnvald.*

Erindi: Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar. Vísað er til prentaðs eintaks af erindi Lúðvíks á þingskjali 9.

5. Tillögur að breytingum á lögum sambandsins

Tillögu á þingskjali 4 vísað beint til laganefndar landsþingsins til umfjöllunar en hana skipa, Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi í Reykjavík; Guðrún Helga Brynleifsdóttir, bæjarfulltrúi í Seltjarnarneskaupstað; Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar; Kristín Sigfúsdóttir, bæjarfulltrúi Akureyrarkaupstað og Sigurður Ingi Sigurðsson, oddviti Hrunamannahrepps.

6. Skilgreining eignarhalds á Lánasjóði sveitarfélaga

Magnús B. Jónsson, formaður stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og Ólafur Nilsson endurskoðandi kynntu tillögu stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga til ársfundar 28. september 2006 um skilgreiningu eignarhalds, félagsform og takmarkanir á meðferð eignarhluta.

Jafnframt kynntu þeir innihald skýrslu um skilgreiningu á eignarhaldi sjóðsins og tillögu að félagsformi. Sjá þingskjal 10.

7. Kjörbréfanefnd skilar álit

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álit nefndarinnar. Rétt til setu á þinginu eiga 154 fulltrúar úr 79 sveitarfélögum. Mættir voru 133 fulltrúar frá 68 sveitarfélögum, en tilkynnt hefur verið um 153 fulltrúa frá 78 sveitarfélögum.

8. Mál sem þingfulltrúar leggja fram

Engin mál voru lögð fram af þingfulltrúum.

9. Kosning fjögurra þingnefnda

Þingnefndir – tilnefningar á þingskjali 11.

Þingfundi frestað klukkan 15:55 til næsta dags.

Í hádegishléi fimmtudaginn 28. september ávarpaði Ólafur Rafnsson, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, þingfulltrúa í tilefni af forvarnardegi í grunnskólum 2006.

Annar þingfundur hófst fimmtudaginn 28. september klukkan 13:05.

10. Niðurstöður umræðuhópa

Umræðuhópur 1 - Framþróun sveitarstjórnarstigsins

Sveinbjörn Eyjólfsson, sveitarstjórnarmaður í Borgarbyggð, gerði grein fyrir umræðum í hópnum og dró saman niðurstöður hópsins sem er að finna á heimasíðu sambandsins.

Jafnframt lagði hann fram eftirfarandi tillögu frá hópnum;

“XX. landsþing sveitarfélaga haldið á Akureyri dagana 27. – 29. sept. 2006 krefst þess að rekstur sveitarfélaga verði treystur með fleiri tekjustofnum svo sem hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og skattgreiðslum einkahlutafélaga. Því er beint til stjórnar sambandsins að tekna verði upp viðræður við ríkisstjórn Íslands um málið.” Þingskjal 12.

Umræðuhópur 2 - Stjórnun sveitarfélaga

Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, gerði grein fyrir umræðum í hópnum og dró saman niðurstöður hópsins sem er að finna á heimasíðu sambandsins.

Umræðuhópur 3 - Velferð og lífsgæði íbúanna

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, gerði grein fyrir umræðum í hópnum og dró saman niðurstöður hans sem er að finna á heimasíðu sambandsins.

Umræðuhópur 4 - Lýðræðisleg þátttaka íbúanna

Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, gerði grein fyrir umræðum í hópnum og dró saman niðurstöður hans sem er að finna á heimasíðu sambandsins. Jafnframt lagði hún fram eftirfarandi tillögu frá hópnum;

“XX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga beinir því til stjórnar að skipa vinnuhóp til að skoða leiðir til að auka á lýðræði í sveitarfélögum og leiðir til að bæta starfsumhverfi og starfskjör kjörinna fulltrúa. Hópurinn skal einnig skoða hugsanlegar breytingar á tímasetningu kosninga til sveitarstjórna.” Þingskjal 13.

Til máls tóku undir þessum lið:

Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi í Reykjavík; Valgarður Hilmarrsson, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar; Ólafur Hr. Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði; Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi í Reykjavík; Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti í Hrunamannahrepp; Ragnheiður Ríkhardsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ; Þorsteinn G. Hjartarson, borgarfulltrúi í Hveragerðisbæ; Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, og Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi í Reykjavík.

Finnbogi Rögnvaldsson, formaður byggðaráðs Borgarbyggðar, lagði fram eftirfarandi tillögur að ályktunum frá þinginu:

“XX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga ályktar:

Mikilvægt er að nú þegar verði hafin vinna við færslu verkefna milli stjórnsýslustiga. Sveitarfélögin lýsa vilja sínum til að taka við verkefnum á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála.” Þingskjal 14.

“XX landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur alþingi til að hækka lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga sem bundinn er í lögum úr 50 í 500 til 1500 íbúa.” Þingskjal 15.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga frá Stefáni Jóni Hafstein og Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

“XX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga beinir því til nýrrar stjórnar sambandsins að fram fari hið fyrsta óháð stjórnsýsluúttekt á starfsháttum og skipulagi sambandsins og á störfum og rekstri sambandsins.” Þingskjal 16.

Þá tók Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins, til máls og lagði fram eftirfarandi frávísunartillögu við tillögu á þingskjali 16.

“XX. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að tillögu Stefáns Jóns og Ragnheiðar um stjórnsýsluúttekt, verði vísað til meðferðar og frekari ákvörðunar nýrrar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga”. Þingskjal 17.

11. Afgreiðsla mála

Tekin til afgreiðslu tillaga á þingskjali 12 um tekjustofna sveitarfélaga frá umræðuhópi 1. Samþykkt samhljóða.

Tekin til afgreiðslu tillaga á þingskjali 13 um að auka lýðræði í sveitarfélögum frá hópi 4. Samþykkt samhljóða.

Tekin til afgreiðslu tillaga Finnboga Rögnvaldssonar á þingskjali 14 um færslu verkefna milli stjórnsýslustiga. Samþykkt með meginþorra atkvæða.

Tekin til afgreiðslu tillaga Finnboga Rögnvaldssonar á þingskjali 15 um hækkun lágmarksíbúafjölda. Tillagan var felld.

Tekin til afgreiðslu tillaga Vilhálms Þ. Vilhjálmssonar á þingskjali 17 um að vísa þingskjali 16 til stjórnar. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þriðji þingfundur hófst klukkan 9:30 föstudaginn 29. september 2006.

12. Tillögur laganefndar teknar til afgreiðslu

Gísli Marteinn Baldursson, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir tillögum að lagabreytingum á þingskjali 4.

Tillögurnar bornar upp til atkvæða hver af annarri og allar samþykktar samhljóða.

13. Stutt samantekt um landsþingið

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri og stjórnarmaður í sambandinu, gerði stutta grein fyrir undirbúningi og framkvæmd landsþingsins og vék meðal annars að umfangi og tímalengd þingsins og hvað mætti læra af því.

14. Tillögur kjörnefndar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir skipan kjörnefndarinnar og tillögum nefndarinnar.

Tillaga kjörnefndar um Launanefnd sveitarfélaga, sbr. þingskjal 18:

Aðalmenn	Varamenn
<i>Gunnar Rafn Sigurbjörnsson form.</i>	<i>Lúðvík Hjalti Jónsson</i>
<i>Soffía Lárusdóttir</i>	<i>Helga Jónsdóttir</i>
<i>Hermann Jón Tómasson</i>	<i>Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir</i>
<i>Porsteinn Einarsson</i>	<i>Karl V. Tómasson</i>
<i>Hallgrímur Bogason</i>	<i>Sigurður Valur Ásbjarnarson</i>
<i>Hall Steinólfsdóttir</i>	<i>Eydís Aðalbjarnardóttir</i>
<i>Birgir Björn Sigurjónsson</i>	<i>Gunnar Eydal</i>
<i>Ingunn Gísladóttir</i>	<i>Ragnhildur E. Bjarnadóttir</i>
<i>Kjartan Magnússon</i>	<i>Jórunn Frímannsdóttir</i>

Tillaga kjörnefndar samþykkt.

Skoðunarmenn ársreikninga. Tillaga kjörnefndar var eftirfarandi, sbr. þingskjal 19:

Aðalmenn:	Varamenn:
<i>Guðrún Helga Brynleifsdóttir</i>	<i>Margrét K. Erlingsdóttir</i>
<i>Seltjarnarneskaupstað</i>	<i>Sveitarfélaginu Árborg</i>
<i>Birna Lárusdóttir Ísafjarðarbæ</i>	<i>Steinþór Einarsson Garðabæ</i>

Tillaga kjörnefndar samþykkt.

Kosning stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þingforseti leitaði samþykki fundarins fyrir því hvort að formaður sambandsins yrði kjörinn á undan stjórn og var það samþykkt.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir því að kjósa þyrfti leynilegri kosningu um formann sambandsins en tveir hefðu gefið kost á sér, þeir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð. Allir þingfulltrúar væru samt í kjöri.

Frambjóðendurnir, Smári Geirsson og Halldór Halldórsson, tóku til máls og gerðu stuttlega grein fyrir framboði sínu.

Gengið til leynilegrar atkvæðagreiðslu. Niðurstaða kosningarinnar var eftirfarandi:

Halldór Halldórsson fékk 51,13% greiddra atkvæða eða 68 atkvæði en Smári Geirsson fékk 48,12% greiddra atkvæða eða 64 atkvæði. Einn seðill var auður.

Halldór Halldórsson er því réttkjörinn formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga til næstu fjögurra ára.

Smári Geirsson og Halldór Halldórsson tóku til máls. Þakkaði Halldór m.a. það traust sem honum var sýnt með kjörinu.

Tillaga kjörnefndar um stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga var því eftirfarandi að loknu formanskjöri, sbr. þingskjal 20:

Aðalmenn:

*Halldór Halldórsson form,
Ísafjarðarbæ*

*Hanna Birna Kristjánsdóttir,
Reykjavíkurborg*

*Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Reykjavíkurborg*

*Árni Þór Sigurðsson,
Reykjavíkurborg*

*Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Mosfellsbæ*

*Lúðvík Geirsson,
Hafnarfjarðarkaupstað*

Elín R. Línadal, Húnaþingi vestra

*Kristján Þór Júlíusson,
Akureyrarkaupstað*

Smári Geirsson, Fjarðabyggð

*Þorvaldur Guðmundsson,
Sveitarfélaginu Árborg*

Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ

Varmenn:

*Gunnar Sigurðsson,
Akraneskaupstað*

*Gísli Marteinn Baldursson,
Reykjavíkurborg*

Stefán Jón Hafstein, Reykjavíkurborg

*Svandís Svavarsdóttir,
Reykjavíkurborg*

Gunnar Einarsson, Garðabæ

Guðríður Arnardóttir, Kópavogsbæ

Sveinbjörn Eyjólfsson, Borgarbyggð

*Sigrún Björk Jakobsdóttir,
Akureyrarkaupstað*

*Sigrún Stefánsdóttir,
Akureyrarkaupstað*

*Jón Hjartarson, Sveitarfélaginu
Árborg*

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Tillaga kjörnefndar samþykkt.

15. Þingslit

Fráfarandi formaður, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, kvaddi sér hljóðs. Hann óskaði formanni og stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði starfsmönnum og þingfulltrúum störfín á þinginu og sleit síðan þingfundi kl. 12:10.

Jón Júlíusson

Guðný Sverrisdóttir